

**591. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 12. maí 2022
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Nancy Rut Helgadóttir (NRH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir boðaði forföll og situr Nancy Rut Helgadóttir fundinn í hennar stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 591 lögmætan.

Dagskrá:

1. Endurskoðun og ársreikningur 2021 - 2201022

Ársreikngur ársins 2021 lagður fram til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 413 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 359 millj. kr. Rekstarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var neikvæð um 29 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 41 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2021 nam 239 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 158 millj. kr.

Ársreikningurinn er samþykktur samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058

Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun ársins 2022, sem er vegna snjómoksturs, lagður fram til staðfestingar.

Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun ársins 2022 er samþykktur samhljóða.

3. Lántaka 2022 - 2205123

Lögð fram tillaga sveitarstjóra til sveitarstjórnar að honum verði falið að leita tilboða frá ráðgjöfum sem þekkja til reksturs sveitarfélagsins til að vinna greiningarvinnu vegna fyrirhugaðrar lántöku ársins 2022. Í þeirri vinnu felist að greina núverandi lánasafn sveitarfélagsins og meta skynsamlega kosti vegna fyrirhugaðrar nýrrar lántöku á árinu 2022, m.a. með tilliti til samþykkrar framkvæmdaáætlunar. Sérstaklega verði metið hvaða lánakostir séu skynsamlegir ef til þess kemur að sveitarfélagið sameinist öðru eða öðrum sveitarfélögum. Niðurstaða af þessari vinnu verði lögð fyrir nýja sveitarstjórn áður en hún fer í sitt fyrsta sumarleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu sveitarstjóra samhljóða.

4. Íbúagötur, framkvæmdir 2022 - 2203260

Mál áður á dagskrá á 588. fundi sveitarstjórnar.
Lagt fram minnisblað byggingafulltrúa vegna gatnaframkvæmda dags. 11.05.2022.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að unnið verði eftir því sem kemur fram í minnisblaðinu, enda er það í samræmi við samþykka framkvæmdaáætlun ársins og fyrri umræður í sveitarstjórn.

5. Nýibær, framkvæmdir - 2203261

Mál áður á dagskrá á 588. fundi sveitarstjórnar.
Mál rætt. Er vísað til áframhaldandi vinnslu.

6. Aðgengisfulltrúar sveitarfélaga - 2204027

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 05.04.2022 þar sem hvatt er til þess að sveitarfélög skipi aðgengisfulltrúa.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa félagsmálastjóra sem aðgengisfulltrúa fyrir Tálknafjarðarhrepp.

7. Styrkbeiðni - 2204063

Erindi frá Guðmundi M. Ástþórssyni dags. 22.04.2022 þar sem sótt er um styrk vegna fasteignaskatta af Dunhaga vegna menningarlegra viðburða.
Erindinu er hafnað með vísan í 1. grein reglna um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 frá 13.12.2018.

8. Mötuneyti Tálknafjarðarskóla - 2203333

Mál áður á dagskrá á 589. fundi sveitarstjórnar.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vinnuhópur til að fara yfir starfsemi mötuneytis Tálknafjarðarskóla verði skipaður Ágústu Ósk Aronsdóttur, Birnu Hannesdóttur, Jóhanni Erni Hreiðarssyni og Thelmu Dögg Theódórsdóttur. Sveitarstjóra falið að kalla hópinn saman.

9. Leiktæki á skólalóð - 2205122

Erindi frá nemendum á yngsta stigi Tálknafjarðarskóla móttakið 09.05.2022 varðandi leiktæki á skólalóð.
Sveitarstjórn þakkar nemendum á yngsta stigi Tálknafjarðarskóla fyrir erindið og er sammála því að bæta þarf aðstöðu þeirra á svæðinu í kringum skólann sem fyrst. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skólustjóra skoða málið nánar þannig að úrbætur verði á leiksvæðinu í sumar. Þá leggur sveitarstjórn áherslu á að skipulagsvinna á skólasvæðinu verði kláruð sem fyrst.

10. Fræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefnd - 48 - 2204002F

Fundargerð 48. fundar Fræðslu-, menningar-, íþróttar- og æskulýðsnefndar sem fór fram 03.05.2022.

Fundargerðin er staðfest.

10.1 2203332 - Lengd viðvera í Tálknafjarðarskóla 2022-2023

- 10.2 2203331 - Starfsmannamál Tálknafjarðarskóla 2022-2023
- 10.3 2203328 - Vinnuskóli 2022
- 10.4 2108095 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2021- 2022
- 10.5 2204008 - Framhaldsnám á sunnanverðum Vestfjörðum
- 10.6 2203333 - Mötuneyti Tálknafjarðarskóla

11. Bréf reikningsskila- og upplýsinganefndar vegna viðauka - 2205109

Erindi frá reikningsskila- og upplýsinganefnd dasg. 05.05.2022 varðandi breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 er varðar reikningsskil vegna byggðarsamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annara félagaforma.

Lagt fram.

12. Móttaka barna á flóttu frá Úkraínu - 2205115

Erindi frá mennta- og barnamálaráðherra dags. 06.05.2022 varðandi stuðning við sveitarfélög vegna móttöku barna á flóttu frá Úkraínu.

Lagt fram.

13. Aukið félagsstarf fullorðinna árið 2022 vegna COVID-19 - 2205086

Erindi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu dags. 03.05.2022 þar sem sveitarfélög eru hvött til að efla félagsstarf fullorðinna á árinu 2022, með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna COVID-19. Jafnframt er tilkynnt að sveitarfélögum gefist kostur á að sækja um fjárframlag vegna viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna árið 2022.

Lagt fram.

14. Brotthvarf úr framhaldsskólum - 2205101

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 04.05.2022 þar sem sendar eru áfram til sveitarfélaga tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í framhaldi af niðurstöðu rannsóknarskýrslunnar Félagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum.

Lagt fram.

15. Til umsagnar frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfivæn orkuöflun), 582. mál. - 2204078

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 29.04.2022 þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfivæn orkuöflun), 582.mál.

Lagt fram.

16. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

Á fundinum er lagt fram minnisblað sveitarsjóra um stöðu verkefna.

Lagt fram.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að framlengja samning um slátt og hirðingu um eitt ár.

17. Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2202128

Fundargerð 64. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 03.05.2022.

Undir þessum lið er lagt fram minnisblað íþrótt- og tómstundafulltrúa dags. 09.05.2022 vegna almenningssamgangna þar sem kemur fram tillaga um að almenningssamgöngur verði boðnar út en núverandi samningur við rekstraraðilar rennur út í haust. Fram kemur að Vesturbyggð og Tálknafjarðahreppur boðuðu til fundar 6. maí sl. með fyrirtækjum og stofnunum á sunnanverðum Vestfjörðum til að fara yfir verkefnið og mögulega þátttöku aðila á svæðinu í því. Þar kom fram áhugi á að halda verkefninu áfram enda um mikilvæga þjónustu á milli byggðakjarna að ræða.

Lagt fram.

Sveitarstjórn samþykkir að almenningssamgöngur verði boðnar út að nýju í samstarfi við Vesturbyggð, Arnarlax og Vegagerðina, með fyrirvara um að áframhaldandi stuðningur ríkisins við verkefnið verði tryggður.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir bókun samráðsnefndar um ástand vega á svæðinu. Sveitarstjórnin skorar á Vegagerðina að taka málið alvarlega og bregðast tafarlaust við ástandinu og upplýsa íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum um þær aðgerðir sem farið verði í til að bæta ástand veganna.

18. Samningur og fundargerð vegna Tálknafjarðarvegur 617-02 - 2111263

Fundargerð verkfundar vegna framkvæmda við Strandgötu/Tálknafjarðarveg nr. 9 frá 22.04.2022.

Lagt fram.

19. Fundargerðir 2022 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2202142

Fundargerð 909. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 27.04.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:10.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)